



Skýrsla um starfsemi Tónlistarskóla Ísafjarðar skólaárið 2021-2022

Alls voru skráðir nemendur á skólaárinu 244 nemendur.

Innritaðir hljóðfæra- og söngnemendur í einkatímum voru 172, þar af 3 í unglingsöngdeid, en 19 nemendur voru í forskóla. Í kór voru 13. Í Söngstund leikskólabarna í Tanga voru skráð 42 börn. Að auki kom allur 1. bekkur Grunnskólans í Söngstundir vikulega, en voru ekki skráð í skólann. Í Lúðrasveit Tónlistarskólans voru 16. 62 nemendur stunduðu reglulegt nám í fræðagreinum. Vikulegir tímar í rytmísku samspili, strengjasveit og blásturshópum.

Námsframboð var fjölbreytt. Flestir stunduðu nám á píanó (83) og gítar og ukulele (27), en einnig var kennt á fiðlu (12), selló (1), blokkflautu (4), þverflautu (6), klarínnett (4), saxófón (2), baritónhorn (1), horn (1), trompet (4), slagverk (22), einsöng (8), auk kóra, lúðrasveitar, forskóla og söngstunda.

Starfsfólk

Stöðugildi í kennslu og stjórnun voru 12,2 í lok vorannar. Einn kennari var í fæðingarorlofi (55,9 % hlutfall) í fimm mánuði. Akstur í útibú var greiddur sem yfirvinna auk bensínkostnaðar.

Kennarar og skólastjórnendur:

Albert Eiríksson, aðstoðarskólastjóri í forföllum Sigrúnar Pálmadóttur

Bergþór Pálsson, skólastjóri

Fastráðnir kennarar:

Andri Pétur Þrastarson, gítar og raftónlist

Ágústa Þórólfsdóttir, píanó

Beáta Joó, píanó

Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, kórstjórn, tónfræðigreinar, einsöngur, samsöngur

Iwona Frach, píanó, tónfræðigreinar

Janusz Frach, fiðla, tónfræði, á Ísafirði og Suðureyri, strengjasveit
Jón Gunnar Biering Margeirsson, deildarstjóri á Þingeyri, gítar, blokkflauta, píanó, tónfræði, rytmískt samspil. Kennir einnig á Ísafirði.

Jón Mar Össurason, slagverk Ísafirði og Suðureyri

Madis Mäekalle, tré- og málmblásturshljóðfæri, blásarahópar, lúðrasveitir

Rachelle Elliot, deildarstjóri Flateyri, píanó, þverflata, kórstjórn

Rúna Esradóttir, forskóli, píanó, umsjón með leikskólahópi, kórstjórn

Sara Hrund Signýjardóttir, deildarstjóri Suðureyri, gítar, ukulele, píanó

Sara Sturludóttir, píanó á haustönn

Sigrún Pálmadóttir, einsöngur, aðstoðarskólalastjóri

Stundakennarar:

Rebekka Skarphéðinsdóttir, 3 nem.

Guðrún Jónsdóttir, 4 nem.

Sigfríður Björnsdóttir, tónlistarsaga

Forfallakennarar:

Bergþór Pálsson annaðist forfallakennslu í einkatímum á fiðlu og píanó.

Aðrir starfsmenn:

Agnieszka Szafran (tímavinna við ræstingar)

Kennslufyrirkomulag

Í Aðalnámsskrá tónlistarskóla er kveðið á um að einkatímar í hljóðfæraleik eigi að vera 60 mínútur á viku. Flestir nemendur uppfylla þau skilyrði, en allnokkrir eru í 0,67 námi, en þá fá þau 40 mínútur í einkakennslu á viku, oftast 2x20 mínútur. Minnstu börnin eru einstaka í 0,5 námi og eru þetta leifar frá því eftir hrun. Eftir fyrsta árið er æskilegt að þau fari í 60 mínútna tíma á viku.

Nemendur sem hafa lokið grunnprófi á eitt hljóðfæri og sýnt fram á sérstakan áhuga og iðni, geta fengið að læra á annað hljóðfæri meðfram – 30-40 mínútur á viku.

Forskólakennsla fer fram í hóptímum, einnig tónfræðikennslan.

Hingað til hefur ekki verið hægt að útskrifa nemendur með framhaldspróf, þar sem ekki hefur verið hægt að bjóða upp á nám í tónlistarsögu. Með covid varð fjarkennsla leikur einn og hafa 4 nemendur stundað nám í tónlistarsögu í vetur hjá Sigfríði Björnsdóttur, tónlistarfræðingi í Borgarnesi.

Tónfræðigreinar

Tónfræði til grunnprófs

Yngstu nemendum er boðið upp á hóptíma í 1. hluta tónfræði. Reynt er að aldurskipta hópunum, svo nám í tónfræði fylgi grunnskóla og er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið

grunnprófi tónfræða um 12 ára aldur. Eftir 1. hluta býðst þeim samþætt nám í tónheyrn, hlustun og greiningu í hóptímum og geta lokið því á 2-3 árum. Grunnpróf er samsett úr 2.-3. hluta tónfræðinnar, Hlustun og greiningu I-II, auk valverkefnis.

Miðnám/framhaldsnám – Tónheyrn, hljómfræði

Grunnpróf og miðpróf í hljóðfæraleik öðlast ekki gildi fyrir en samsvarandi tónfræðiprófi er náð. Nemandi fær ekki að taka miðpróf í hljóðfæraleik/söng fyrir en grunnprófi í tónfræði er lokið og ekki framhaldspróf í hljóðfæraleik/söng fyrir en miðprófi í tónfræðigreinum er lokið. Nemendur á mið- og framhaldsstigi sækja sérstaka tíma í tónheyrn og hljómfræði, enda er slík kunnátta forsenda fyrir því að fá nám metið á tónlistarbraut og fyrir inngöngu í listaháskóla.

Tónlistarsaga

Tónlistarsaga var kennd í fjarkennslu eins og fyrir segir.

Próf – Námsmat

Tónlistarskólinn leggur meiri áherslu á þátttöku nemenda á tónleikum en prófum, enda koma nánast allir nemendur skólans fram á jóla- og vortónleikum, sem koma þannig að hluta í stað prófanna.

Í ár var ekki um áfangapróf að ræða (grunnpróf, miðpróf og framhaldspróf), en allnokkur eru í bígerð í nóvember næstkomandi.

12 tóku op. 1 tónfræðipróf, 18 tóku próf í Hlustun og greiningu I eða II, 3 tóku lokapróf í grunnnámi tónfræðagreina, 5 luku tónlistarsögu I og 2 tónlistarsögu II.

Nær allir nemendur tóku innanhússvörpróf, m.a. 10 millistigspróf (1. og 2. stig).

Samvinna við aðra skóla

Alla jafna hefur Tónlistarskólinn mikið samstarf við aðra skóla á svæðinu og tónlistarnemar eru mjög virkir í félags- og menningarstarfi skóla sinna. Vegna heimsfaraldurs fór þetta þó að nokkru leyti úr skorðum á haustönn, en samvinna hefur verið kröftug á vorönn. Áberandi er hve margir tónlistarnemar skara fram úr í námi bæði í menntaskóla og grunnskóla.

Samvinna við Grunnskólann var góð sem endranær. Nemendum 1.-4. bekkjar gafst færi á að stunda nám sitt við Tónlistarkólann á skólatíma eða milli 11:20 og 13:00, hvort sem var í forskóla, kór eða einkatímum á hljóðfæri sín. Allur 1. bekkur kom í Söngstund í Tónlistarskólann.

Tónlistarval í Grunnskólanum

Nemendur í 8.-10. bekk Grunnskólans á Ísafirði fá tónlistarnám metið til eininga í vali, en miklu fleiri stunda þó nám við skólann án þess að hafa tónlistina sem valgrein. Ljóst er að nám þetta sem er Grunnskólanum að kostnaðarlausu hlýtur að vera honum mikil búbot.

Tónlistarval í Menntaskólanum - Tónlistarkjörsvið

Í vor fengu nokkrir nemendur Menntaskólans á Ísafirði metnar einingar fyrir tónlistarnám við skólann. Nýverið var breytt reglum um einingafjölda og fá nemendur nú námið miklu betur metið en áður. Kennslan er Menntaskólanum að kostnaðarlausu.

Í bígerð er að stofna sérstaka tónlistarbraut í samvinnu við Menntaskólann, líkt og khefur verið í boði. Væntum við þess að það verði komið í gagnið í haust.a

Foreldrastarf

Skilningur, áhugi og viðhorf foreldra skipta sköpum í tónlistarnámi barna og unglunga, bæði hvað varðar námsframvindu, framfarir og viðhorf nemandans. Tónlistarskóli Ísafjarðar leitast við að hafa gott samband við foreldra, halda foreldrakynningar, senda út tölvupósta og upplýsa á facebook síðu skólans. Foreldrar eru ávallt velkomnir í heimsókn í skólann til að fylgjast með kennslu barna sinna.

Foreldraviðtöl voru haldin einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn, en voru í formi símaviðtala eða staðviðtala.

Facebook síða skólans og heimasíða voru virkari en ella og gátu forráðamenn fylgst með skólastarfinu þar.

Samspil - Samsöngur

Lögð er mikil áhersla á þátttöku nemenda í samleik og samsöng. Flestir bláसानemendur eru í skólalúðrasveit eða ýmsum minni blásturshópum skólans. Strengjasveit er starfandi fyrir nemendur og kemur hún fram á ýmsum tónleikum skólans. Kór starfar við skólann, einnig ýmsir aðrir hópar eftir því sem efni og tækifæri eru til.

Eftirfarandi hópar æfa reglulega yfir veturinn:

Skólalúðrasveit yngri nemenda - skipuð bláसानemendum skólans.

Stj. Madis Mækalle

Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar - skipuð ýmsum fyrrv. nemendum, kennurum og tónlistarmönnum utan skólans, ásamt nokkrum af lengst komnu nemendum.

Stj. Madis Mækalle

Strengjasveit T.Í. - skipuð fiðlunemendum. - Stj. Janusz Frach

Kór 3.-4. b. starfaði allt árið, en kór 5.-9. b. aðeins á haustönn - Stj. Rachele Elliott

Unglingasöngdeild- kennari Guðrún Jónsdóttir

Tónleikahald

Auk hinnar daglegu kennslu takast kennarar og nemendur á við fjöldamörg önnur verkefni, svo sem umfangsmikið tónleikahald, samæfingar, og tónlistaruppákomur af fjölbreyttu tagi, en því miður var ekki unnt að gefa forráðamönnum kost á að koma á tónleika og samæfingar nema að litlu leyti á haustönn. Síðan heimsfaraldur hófst tekur skólastjóri upp alla tónleika, sendir foreldrum upptökur og póstar á facebook síðu skólans. Verður áframhald á því, þó að faraldrinum sé að mestu lokið.

Einleikstónleikar

1 nemandi hélt kveðjutónleika.

Opið hús

Opið hús var haldið 23. október og fylltist húsið af gestum. Þeim gafst kostur á að kynna sér kennsluna inni í kennslustofum og endað var með stórtónleikum ísfirskra listamanna í Hömrum með veitingum.

Jólatónleikar

Jólatónleikar voru 14 talsins. Tíu tónleikar hljóðfæranema á Ísafirði, kórtónleikar, tónleikar á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri. Allir tónleikar voru teknir upp, voru sendir til foreldra og eru geymdir á nýju tölvukerfi skólans.

Dagur tónlistarskólanna

Er haldinn hátíðlega í byrjun febrúar hvert ár í tónlistarskólum landsins. Haldnir voru stórtónleikar í Hömrum með samspilsverkefnum, voru þeir teknir upp.

Vortónleikar

Vortónleikar voru 15 talsins. Ellefu tónleikar hljóðfæranema á Ísafirði, lúðrasveitartónleikar (Vorpytur), tónleikar á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri, kveðjutónleikar og kórtónleikar. Á sama hátt og á jólatónleikum og samæfingum var allt tekið upp, sent foreldrum, geymt á tölvukerfi skólans og sýnishorn sett á facebook síðu skólans.

Nótan

Uppskeruhátíð tónlistarskólanna, Nótan, fór fram í Stykkishólmi 19. mars. Kynnir á tónleikunum var Bergþór Pálsson skólastjóri, en 6 atriði voru frá Tónlistarskóla Ísafjarðar, trompetar og píanó. Vorum við afar stolt af frammistöðu þeirra.

Húsmæðraskólasýning

Í skólanum var opnuð sýning um Húsmæðraskólann Ósk sem húsnæðið var byggt fyrir, þar sem fyrrverandi námsmeyjar koma gjarnan í skólann til að rifja upp gamlar minningar, en þeim hefur þótt klént að ekkert skuli hafa minnt á gamla skólann í byggingunni. Fjöldi gesta hefur komið til að berja sýninguna augum.

Lokahátíð

Lokahátíð og skólaslit skólans voru haldin í Ísafjarðarkirkju föstudaginn 20. maí með ávörpum, tónlistaratriðum og afhendingu verðlauna. Aðalverðlaun skólans hlaut **Bríet Vagna Birgisdóttir**, nemi á rytmískri braut í einsöng og gítar, en **Rebekka Skarphéðinsdóttir píanónemandi** hlaut verðlaun Ísfirðingafélagsins. Fyrir góða ástundun og árangur á grunnstigi hlutu **Hildur Lóa Steingrímsdóttir, Iðunn Óliversdóttir, Kolbeinn Hjörleifsson, Matthías Kristján Magnason, Orri Norðfjörð og Sædís Ylfa Þorvarðardóttir** viðurkenningar. Fyrir lofsverða ástundun á fleiri en eitt hljóðfæri hlutu **Guðmundur Halldórsson, Guðrún Hrafnhildur Steinþórsdóttir og Matilda Mækalle** viðurkenningar.

Fyrir hæsta grunnpróf í tónfræðagreinum hlutu **Kristín Eik Sveinbjörnsdóttir og Saga Björgvinsdóttir** verðlaun.

Heiðursverðlaun hlaut **Sigríður Ragnarsdóttir**. Viðstödd voru rúmlega 150 manns.

Virgni nemenda í samfélaginu:

Nemendur taka alla jafna virkan þátt í samfélaginu og koma víða fram, bæði á vegum sveitarfélagsins, ýmissa stofnana, fyrirtækja og einstaklinga, en sumt af því féll niður á sl. ári vegna samkomutakmarkana, t.d. tendrun jólaljósa, Hlífarsamsæti o.s.frv., en þó fóru nokkrir hljóðfærahópar og léku fyrir vistmenn á Eyri. Einnig sungu kórar í verslunarmiðstöðvum fyrir jólin, lúðrasveitin lék á hátíðisdögum o.fl. Nemendur léku á Stóru upplestrarkeppninni og jóla- og vorútskrift Menntaskólans og Grunnskólans á Ísafirði.

Ýmislegt

Heimasíða Tónlistarskólans er www.tonis.is. Þar má kynna sér starfsemi skólans, skólanámsskrá, skóladagatal, starfsfólk, tónlistarviðburði, skoða myndir o.fl.

Facebook síða skólans

Þar má kynna sér fréttir af skólahaldi og horfa á sýnishorn af skólastarfi og tónleikum.

Svæðisþing tónlistarkennara

Svæðisping tónlistarskólakennara á Vestfjörðum fór fram í Stjórnsýsluhúsinu 10. sept. 2021.

Tiltekt og bókasafn

Stanslaus tiltekt fer fram í skólanum. Bókasafnið var orðið algerlega óaðgengilegt, þar sem öllu ægði saman. Það hefur nú verið flokkað og fært í stærra og bjartara rými hjá kennarastofu. Einnig hefur kennarastofan verið gerð upp í stíl 5. áratugarins, svo og vinnuherbergi kennara gert vistlegt. Ýmsar gjafir hafa borist skólanum þess vegna, einnig rafmagnstæki, svo sem eldavél og vöflujárn.

Húsnæði skólans

Tónlistarkennsla á Flateyri fer fram í húsnæði Grunnskóla Öndarfjarðar. Nemendatónleikar á Flateyri voru í húsnæði grunnskólans.

Tónlistarkennsla á Þingeyri fer fram í Grunnskólanum á Þingeyri og tónleikar í Félagsheimilinu. Tónlistarkennsla á Suðureyri fer fram í Grunnskólanum á Suðureyri, sem og tónleikar. Skólahúsnæðið á Austurvegi 11 er í eigu Tónlistarfélagins. Það er skemmtilegt og hefur mikinn karakter, en þarfnast mikilla endurbóta. Í tónlistarsalnum Hömrum er hljómburður einstaklega fagur. Tónlistarfélagið hefur ekki bolmagn til að fara í það viðhald sem þörf er á. Því var farið í viðræður við Ísafjarðarbæ um yfirtöku húsnæðisins, en tilboð þeirra hljóðaði ekki upp á neinar endurbætur, svo að við hurfum frá því. Aftur á móti höfum við hug á að sækja í sjóði, Húsafriðunarnefnd, styrktarsjóð skólans o.s.frv., en allur stuðningur sem Ísafjarðarbær getur veitt við þetta mikilvæga verkefni verður vel þeginn.

Skólahald á tímum covid

Kennsla fór að mestu eðlilega fram á haustönn þrátt fyrir takmarkanir og var með hefðbundnum hætti á vorönn. Sá lærdómur að kenna í fjarkennslu er stórkostleg viðbót við skólahaldið í framtíðinni, þar sem við getum í raun fengið kennara hvaðan sem er úr heiminum.

Lokaorð

Ljóst er að mikil orka mun fara á næstu árum í að endurreisa skólahúsnæðið og þróa innra starf. Einnig hefur verið í bígerð að Tónlistarskólinn sækji um Evrópustyrki til að fara af stað með nýja óperu í fullri lengd í samstarfi við nokkur lönd. Vonumst við til að þetta geti farið af stað 2024, en þó er ekki hægt að fullyrða neitt fyrr en mjög stórir styrkir eru í höfn, því að um er að ræða tugmilljóna verkefni.

Miklu skiptir að framboð af menningu sé nægt til að fólk kjósi að búa hér. Mikilvægt er því að skólinn njóti velvildar bæjaryfirvalda og bæjarbúa. Ísafjarðarbær greiðir laun kennara og stjórnenda, en það er lögbundið. Hins vegar situr skólinn ekki við sama borð og t.d. skólar á höfuðborgarsvæðinu, að því leyti að við þurfum að senda hópa í píanókeppni EPTA og á uppskeruhátíð tónlistarskólanna, Nótuna. Gott væri því að fá vilyrði fyrir styrkjum fyrir útlögðum kostnaði við ferðir og uppihald.

Einnig er kominn tími til að huga að því hvort eldri en tvítugir geti fengið að stunda nám í skólanum, en það var aflagt eftir hrún. Þetta eru aukin lífsgæði fyrir fullorðið fólk og þar með getur það dregið fólk að til að búa hér.

Þá er gríðarlegur kostnaður framundan í viðhaldi á skólahúsnæðinu, sem gott væri að fá stuðning við, ef Tónlistarskólinn á að halda áfram að vera flaggskip Ísafjarðarbæjar.

Að lokum þökkum við kærlega fyrir gott samstarf á undanfögnu ári.

Ísafirði, í júní 2022

Bergþór Pálsson, skólastjóri

Albert Eiríksson, aðstoðarskólastjóri